

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er taki gildi 1. júlí 1991:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 518, 20. desember 1990, með síðari breytingum:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 1.31%

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 505, 21. desember 1990, með síðari breytingum:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 1.31%

Iðnaðarráðuneytið, 24. júní 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Vatnsrennsli að húsinu verður takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli . . . kr. 1 600,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli:

Til húshitunar kr. 55,50 pr. tonn.

Til annarra nota (með virðisaukaskatti) kr. 69,10 pr. tonn.